

2/2 67

S T A R F S S K Ý R S L A .
=====

1 9 6 6
=====

Gróðrarstöðin Tumastöðum.
=====

Gróðrarstöðin á Tumastöðum.

Veður og vöxtur. Veturinn (jan. - marz) úrkomu lítill framan af, mun kaldari en í meðalári, frost gekk mikið í jörðu, veturinn var fram úr hófi veðrasamur og oft fárviðri. Janúarmánuður 1 gr. kaldari en í meðalári og veðrasamur einkum síðari hluti mánaðarins, frost gekk tölvvert í jörðu. Febrúar var líka 1 gr. kaldari en í meðalári, úrkoma aftur á móti aðeins 1/9 hluti af meðal úrkomu og öll snjór sem kom 28. febr. frost flesta daga og jókst klaki í jörðu, því jörð var auð. Austan ofviðri gerði 2. -4. febr. og olli tölverðum skaða á plöntum, vindhraðinn var 11 st. þessa 3 daga. Með marz fór að kólna og varð hann 2,2 gr. kaldari en í meðalári og fór frostið að aukast dag frá degi upp úr miðjum mánuðinum til mánaðarmóta og var þá svo komið að klaki var víða um 100 cm. á dýpt í jörðu. Mánuðurinn var mjög veðrasamur.

Vorið (apríl - maí) var kalt og þiðnaði jörð mjög hægt, framan af veðrasamt, frostleysa flesta daga en síðan úrkomusamt og rigndi 22 daga í maí. maí var 1,7 gr. kaldari en í meðalári og vegna rigninga þiðnaði mjög seint og var klaki ekki farin úr jörðu um mánaðarmót.

Sumarið (júní - sept.) kalt og er sumarið með meðalhita 9,2 gr. á móti 9,94 í meðalári og hitasumman var 1407,6 á móti 1520,1 í meðal ári, sumarið var hægviðrasamt, en mikil

úrcoma framan af og rigndi t. d. í júní 227,6 mm og er það 4 sinnum meira en í meðalári, en þó var hann eini mánuðurinn á árinu sem var í meðallagi heitur.

Haustið (okt. - nóv.) fremur kalt en hægviðrasamt í okt. síðan frost og snjócoma í nóv. sem er einkenni fyrir mánuðinn, vindasamt og nokkur frostharka um og eftir miðjan mánuðin og ísalög.

Desember 2,8 gr. kaldari en í meðalári, frost eða við frostmark alla daga. Veðrasamt í mestalagi, köld og óblið veðráttu.

Árið það kaldasta sem komið hefur í 45 ár, klaki mikill í jörðu og fór víða ekki úr fyrr en um miðjan júní. Meðalhiti ársins 4,1 gr. eða 1,2 gr. kaldari en í meðalári. Árið vindasamt og ofviðri tíð. Fyrstu næturfrost voru 7., 8., og 9. sept.

Laufgun. Birkiskjólbeltin byrjuðu að sprynga út um 5. maí en vegna kulda í maí og byrjun júní og eins vegna klaka í jörðu var birkið ekki að fullu laufgað fyrr en 20. júní. Lauffall varð 14. okt. og stóð með allra lengsta móti og stafar af því hvað hægviðrasamt var framan af hausti. Vöxtur plantna var yfirleitt undir meðallagi og mun aðallega koma til af því hvað sumarið var kalt og klaki hélst lengi í jörðu og eins því að veturinn var mjög veðrasamur og sviðnuðu þá plöntur og barrtré misstu nálarnar og háði það plöntunum.

Fræfall á birki ekkert.

	meðalh. lármark hámark sólar- mánuður C kl. 8 kl. 20 dar.	úrcoma m/m regn br. snj. dagar	úrkomu vindhr. yfir 4st. dagar	Meðaltal árunna 1928 - 1960 meðalh. c úrkoma m/m úrkomud.
Janúar	-1,2 -2,6 0,2 13 35,0 4,7 10 10	4,7	10	-0,3 105,2 18
Febr.	-1,2 -2,6 2,4 15 11,0 2 9	11,0	2	0,2 94,8 15
Marz	-0,4 -2,9 2,0 16 68,1 60,4 16 11	60,4	16	1,8 92,3 15
Apríl	3,6 0,3 7,3 23 30,8 23,0 16 4	23,0	16	3,8 69,0 15
Maí	5,8 1,6 9,5 20 94,1 0,5 22 4	0,5	22	7,5 53,5 14
Júní	10,3 6,7 13,1 23 227,6 21 5	227,6	21	10,3 56,2 15
Júlí	10,8 6,5 14,5 22 139,8 16 8	139,8	16	12,1 65,8 17
Ágúst	10,6 7,1 14,2 24 88,7 15 5	88,7	15	11,2 89,3 19
Sept.	8,4 3,5 10,8 13 74,4 17 5	74,4	17	8,6 106,1 19
Okt.	3,2 -0,9 7,1 24 57,5 8 10	57,5	8	4,8 128,3 19
Nóv.	0,4 -3,8 2,7 9 141,0 59,6 18 14	141,0	18	2,4 111,4 17
Des.	-1,8 -6,0 0,2 5 69,8 29,7 16 18	69,8	16	1,0 107,0 19
Alls	48,5 6,9 84,7 207 1026,8 188,9 177 103	1026,8 (1215,7)	177	1078,9 202
Meðaltal	4,1 0,6 7,1 101,7	101,7		5,3 89,9
Maí-sept.	9,2 102 625,1 91 27	625,1	91	9,94 370,9 84
Hitasumma maí-sept.	1407,6			1520,1

Starfsmannahald. Vinna hófst hér í gróðrarstöðinni um mánaðarmótin apríl - maí og lauk að mestu um miðjan sept. en þó unnu hér 2 menn í nóv. og des. með mér við ýmsan frágang.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni kr. 416.669,37 og fór mest af því til starfsf. sem búsett er hér í Fljótshlíðarhreppi eða kr. 321.538,75 eða 77,2 % af öllu kaupi.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	apr.	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.	samtals
konur		25	40	27	24	5		2		123
Karlar	1	8	14	8	11	10		3	2	57
samtals	1	33	54	35	35	15		5	2	180

Fræplöntur og hreinsun fræplantna. Kostnaður við fræplöntur varð kr. 70.913,81. Sáning hófst 23. maí og var lokið 26. maí að því undanskyldu að fræ af sitkagreni frá Sitka var ekki komið og var því sáð 16. júní. Sáð var 25,96 kg. í 794,5 m². Kostnaður við hreinsun fræplantna varð kr. 59.737,13.

Um sáninguna í vor er það að segja að hún tókst í alla staði vel að því undanskyldu að bergfuran er allt of gisin og stafar af því að í fræið hefur einhvern vegin komist lúpínufræ svo að við fyrstu hreinsun voru reyttar 48 plöntur af lúpínu á m². Fræbeðsplöntur 2/0 uxu heldur lítið og vöxtur á birki óverulegur, en í því var mikill ryðsveppur. Skarni var notaður í fræbeð þessa árs.

Dreifplöntur og hreinsun dreifplantna. Kostnaður við dreifplöntur varð kr. 117.763,33 og fór nokkuð mikið fram úr áætlun en hreinsunark. varð kr. 48.419,62 eða nokkuð minni en gert var ráð fyrir.

Orsök fyrir því hvað kostnaður við dreifsetningu fór mikið fram úr áætlun er meðal annars sá að kostnaður við birkilim var mikill og varð hann kr. 15.000,00 vinna og lestun í Þjórsárdal, bílak. ekki talin, og í öðrulagi varð rögun dreifsetningarplantna dýr vegna skemmda sem urðu á plöntunum en þær urðu fyrir miklu skakka falli síðastliðin vetur aðallega í ofviðrinu sem var í febr. þornuðu og síðan sópuðust nálarnar af greninu, svo mikil brögð urðu að þessu, að ekki kom af því sem fara átti út úr gróðrarstöðinni t.d. af rauðgreni N.Tr.ytre nema 39.450 stk. eða 48,7 % en af því átti samk. talningu að afhenda 81.000 stk. Skaði á öðrum plöntum var mun minni.

Dreifsetning hófst 7. júní og lauk 28. samam. dreifsett var 188.000 stk. græðlingar meðtaldir. Vöxtur dreifplantna fremur lítil.

Á þessa árs dreifsetningu var notað Gesatop og reyndist það vel og kom varla nokkurt íllgresi, á dreifsetningu frá því í fyrra, en þá hafði verið notað Gesatop en einhverja hluta vegna mistekist svo það verkaði sáralítið og var því verulegt magn af íllgresi í þeim reit, í þennan reit var notað White spirit og 10 dögum síðar Gesatop og gaf þetta góðan árangur.

Garðplöntur. Kostnaður varð kr. 46.416,49. Dreifsettar voru 34.000 stk. af lauftrjám og græðlingum, Seldar voru 6.285 stk. á kr. 118.325,00 meðal verð garðplantna varð því kr. 18,83.

Skjólbelti. Kostnaður varð kr. 6.948,81. Engu var plantað nú vegna plöntusk. á skjólbeltaplöntum aðeins hreinsuð og lagfærð þau belti sem fyrir voru.

Sundurliðun gróðrarstöðvarreiknings.

Fræplöntur	70.913,81
Hreinsun fræplantna	59.737,13
Dreifplöntur	117.763,33
Hreinsun dreifplantna	48.419,62
Afhending skógarplantna	4.139,65
Garðplöntur	46.416,49
Skjólbelti	6.948,81
Ráðskona	53.106,51
Ymsar framkvæmdir	8.200,72
Kostnaður v. verkaf.	<u>8.421,85</u>
	kr. 424.067,92
	=====

Tekjur gróðrarstöðvarinnar af plöntusölu urðu sem hér segir.

Af skógarplöntum	kr. 308.775,00	
- afsláttur	<u>- 92.632,50</u>	kr. 216.142,50
Af dreifsetningarplöntum		- 34.800,00
Af garðplöntum	kr. 118.325,00	
- afsláttur	<u>111 34.042,50</u>	- 84.282,50
	Samtals	kr. 335.225,00
		=====

Byggingar. Nokkuð var unnið að lagfæringu á fasteignum.

Allar rúður á suður hliðinni í verkamannabústaðnum voru teknar úr og þær kíttaðar upp á nýtt og gluggarnir síðan málaðir, helmingur af íbúðarherbergjunum máluð ásamt öllum gólfum og snyrtiherbergjum. Í skógarvarðarbústaðnum var gert við gólfið

í kjallaraganginum, gangurinn málaður ásamt stigagangi á milli hæða og gólf flísalögð. Áefri hæð var málað 1 herbergi og forstofa.

Grafið var upp 50 m. af vatnslögninni í íbúðarhúsin og hún endurnýjuð með plaströrum. Keypt voru plaströr í það sem eftir er að endurnýja af gömlu leiðslunni en hún er orðin ónýt.

Sáningar.

Sitkagreni Sitka B-649	0,75 kg.	28,5 m ²
Sitkagreni Kodiak B-669	1,11 -	60,0 -
Rauðgreni Meldal B-648	2,30 -	57,0 -
Rauðgreni Löten B-667	1,40 -	87,0 -
Stafafura Skagway B-650	0,50 -	57,0 -
Stafafura Petersburg B-674	0,10 -	12,0 -
Stafafura Hazelton B.C. B-673	0,10 -	15,0 -
Stafafura Sitka B-675	0,10 -	13,5 -
Bergfura Mt. Louis B-655	3,10 -	272,0 -
Bergfura Mistballe B-682	0,70 -	36,0 -
Bergfura B-683		10,5 -
Hvítþinur Mustila B-658	0,30 -	3,0 -
Álmur Hamar	0,10 -	3,0 -
Birki Bæjarstað B-641	3,00 -	250,0 -
Elri Næröy B-647	0,40 -	15,0 -
Ílmreynir Múlakoti	15,00 -	30,0 -
Hlynur Reykjavík		6,0 -
Gráreynir Múlakoti		15,0 -
Úlfareynir Múlakoti		21,0 -
Gullregn Múlakoti	-----	<u>3,0 -</u>
Samtals	25,96 kg.	794,5 m ²
	=====	=====

Dreifsetning 1966.

Rauðgreni Stjörðal B-579 3/0	129.000 stk.	
Sitkagreni Homer B-580 3/0	15.000 -	
Fjallapínur Wansa L. B-541 3/0	4.000 -	
Douglasgreni Blub. B-564 3/0	3.000 -	
Douglasgreni L-2433 B-566 3/0	<u>3.000 -</u>	154.000 stk.

Garðpl. og græðlingar.

Viðja	24.000 stk.	
Ribs	5.000 -	
Birki	<u>5.000 -</u>	<u>34.000 -</u>
	Samtals	188.000 stk.
	=====	=====

Plöntur til dreifsetningar 1967.

Rauðgreni Stjörðal B-579 3/0	35.000 stk.
Rauðgreni Mosvík B-610 3/0	85.000 -
Rauðgreni Stjörðal B-579 4/0	15.000 -
Sitkagreni Cordova B-590 3/0	28.000 -
Sitkagreni Sitka B-632 3/0	12.000 -
Stafafura Skagway B-591 3/0	25.000 -
Bergfura H. confl. B-592 3/0	5.000 -
Douglasgreni Blub. B-564 4/0	3.000 -
Douglasgreni L-2433 B-566 4/0	<u>5.000 -</u>

Samtals 213.000 stk.
=====

Plöntur til afhendingar 1967.

Vor.

Rauðgreni Rissa B-530 2/3	18.000 stk.
Sitkagreni Seward B-466 3/4	15.000 -
Sitkagreni Seward B-465 3/4	800 -
Stafafura Skagway B-591 3/0	35.000 -
Stafafura Barkerv. B-585 4/0	1.000 -
Stafafura Barkerv. B-585 2/2	11.000 -
Bergfura Haut c. B-592 3/0	15.000 -
Lerki Senkursk B-587 3/0	<u>12.500 -</u>
Samtals	108.300 stk. =====

Síðsumar.

Sitkagreni Homer B-522 3/2	14.000 stk.
Sitkagreni Homer B-548 3/2	4.000 -
Sitkabastarður M.P. B-550 3/2	6.000 -
Sitkagreni Seward B-466 4/2	800 -
Hvítgreni M.P. B-549 3/2	5.500 -
Rauðgreni Namdal M. B-554 3/2	2.300 -
Rauðgreni Rissa B-530 4/2	2.000 -
Bergfura Pyr. B-584 3/2	<u>6.000 -</u>
Samtals	40.600 stk.

Garðplöntur til afhendingar 1967.

Viðja	11.000 stk.
Þingvíðir	7.000 -
Ribs	100 -
Sólber	400 -
Alaskaösp	10.000 -
Birkikvistur	2.000 -
Birki 3/0	2.000 -
Birki limg.	700 -
B. polyanta	400 -
Runnamura	100 -
Garðarós	100 -
Álmur	150 -
Gráreynir	100 -
Úlfareynir	<u>80 -</u>

Samtals 34.130 stk.
=====

Afhentar plöntur 1966.

Vor.

Sitkagreni Seward 2/3	16.400	stk.	
Sitkagreni Seward B-465 3/3	3.725	-	
Rauðgreni Rissa B-530 2/2	500	-	
Rauðgreni N.Tr.y B-429 3/3	29.250	-	
Lerki Arkang. B-583 3/0	10.500	-	
Stafafura Barkv. B-585 3/0	6.700	-	
Stafafura Skagway B-462 2/4	675	-	
Sveigfura Mont. B-453 3/4	225	-	
Birki Bæjarstað B-561 2/0	2.200	-	
Elri Klat S. B-557 4/0	<u>100</u>	-	70.275 stk.

Síðsumar.

Sitkagreni Seward B-466 3/3	5.000	stk.	
Rauðgreni N.Tr.y B-429 3/3	10.200	-	
Rauðgreni Rissa B-530 2/2	22.800	-	
Bergfura Haut c. B-592	<u>2.500</u>	-	<u>40.500</u> -

Samtals 110.775 stk.
=====

Dreifsetningarpl.

Rauðgreni Stjördal B-579 3/0			<u>58.000</u> stk.
------------------------------	--	--	--------------------

Samtals 58.000 stk.
=====

Garðplöntur afhentar 1966.

Birki	915 stk.
Ríbs	184 -
Sólber	89 -
Viðja	2.613 -
Þingvíðir	85 -
Elri	14 -
Úlfareynir	25 -
Gráreyrnir	118 -
Askur	3 -
Hlynur	1 -
Rauðtoppur	17 -
Runnamura	85 -
Fjallaríbs	85 -
Dvergmispill	3 -
Garðarós	8 -
Birkikvistur	622 -
Snækvistur	4 -
Bumaldakvistur	22 -
Broddfura	1 -
Lúpína	40 -
Álmur	65 -
Alaskaösp	729 -
Rauðgreni	100 -
Sitkagreni	307 -
Stafafura	<u>150 -</u>
Samtals	6.285 stk.
	=====